

**Eiríkur Árni Sigtryggsson** stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk tónmenntakennaraprófi 1963. Hann fór vestur um haf til að læra tónsmíðar 1984 og kom heim þremur árum síðar. Árið 1989 útskrifaðist hann úr tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík og starfar nú sem tónlistarkennari, kórstjóri og tónskáld. Hugmyndin um samningu verksins **Duo fyrir flautu og gítar** varð til í samtali við flytjendurna sem eru samkennrarar Eiríks.

**Mountain Songs** er flokkur átta laga, að miklu leyti byggður á amerískum þjóðlögum. Flest lögin eru ljóðrænar ballöður upprunnar úr Suður Appalachia fjöllum. **Robert Beaser** samdi lagaflokkinn á árunum 1978 - 85 og var verkið frumflutt í Metropolitan safninu í New York sama ár. Hér verða fjögur þessara laga leikin.

**Isaac Albeniz** og **Enrique Granados** eru báðir fæddir í Katalóníu á Spáni og áttu báðir stóran þátt í að skapa spænska píanostílinn. Enrique Granados sótti í mörgum verkum sínum innblástur í líf og starf meistara Goya. **La Maja de Goya** er gott dæmi þar um. Hún er ein af "tólftónadillum" sem upphaflega voru samdar fyrir söng og píanó, en hefur eins og önnur verk þeirra Granados og Albeniz notið mikillar hylli sem einleiksverk fyrir gítar. Suite Iberia er tólf þátt svíta fyrir píanó sem lýsir spænsku þjóðlifi og samdi Isaac Albeniz hana á síðustu árum ævi sinnar. Sá þáttur hennar sem fluttur verður hér, **Evocacion** er mjög impressioniskur og lýsir vel þeirri dulúð sem oft einkennir spænska þjóðarsál. Flytjendur verksins umrituð verkið fyrir altflautu og gítar.

**Kazuo Fukushima** sem er eitt þekktasta tónskáld Japana samdi **Mei** í minningu Wolfgang Steinecke sem m.a. stóð fyrir Darmstadt tónlistarhátiðinni. Orðið "Mei" þýðir fölur, fjarlægur eða ósnertanlegur og tengist þeirri trú að með flautuleik megi ná sambandi við framliðna.

Svisslendingurinn **Willy Burkhard** starfaði einkum sem tónsmíðakennari og meðal nemenda hans var Jón Nordal. Tónverk hans eru flest trúarleg þó **Serenada fyrir flautu og gítar** (1935) teljist ekki vera svo, hins vegar má greina í henni áhrif af þeim hildarleik sem í vændum var í Evrópu.

## Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Björn Davíð Kristjánsson  
flautuleikari

Pórarinn Sigurbergsson  
gítarleikari



Priðjudaginn 6. ágúst 1991 kl. 20:30

**Björn Davíð Kristjánsson** hóf ungur nám í flautuleik við Barnamúsíkskóla Reykjavíkur og síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem kennarar hans voru Jósef Magnússon, Jón H. Sigurbjörnsson og Bernharður Wilkinsson. Að loknu blásara-kennara og einleikaraprófi hélt Björn til Hollands í framhaldsnám við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam og lauk þar námi 1989. Auk þess var Björn í Chicago veturinn 1983-84 við nám og hljóðfaeraleik.

**Pórarinn Sigurbergsson** stundaði nám hjá Eypóri Porrákssyni í Hafnarfirði og lauk prófi 1980. Sama ár hélt hann til framhaldsnáms hjá hinum þekkta spænska gítarleikara Jose Luis Gonzales í borginni Alcoy á Spáni og lauk þaðan námi 1984. Síðan þá hefur Pórarinn aðallega starfað við kennslu, en jafnframt haldið einleikstónleika og tekið þátt í samtónleikum m.a. með Kammersveit Reykjavíkur. Árið 1987 lék hann inn á hljómplötu ásamt fleirum. Pórarinn er kennari við Nýja Tónlistarskólann og Tónlistarskólana í Keflavík og Njarðvík.

Björn og Pórarinn hafa starfað saman síðan haustið 1989 og leikið á nokkrum samtónleikum á suðvesturhorni landsins.

### Duo fyrir flautu og gítar

Verkið byrjar sem upphrópun á flautu og það er eins og flautan átti sig ekki á hlutverki sínu í byrjun. Hún er með alls konar upphrópanir og meininger og skiptir sér lítið af gítarnum, sem berst hetju-legri baráttu til að ná sambandi við hana. Loks áttar flautan sig og leikur rómantískla laglínua. Eftir ákveðið og töluluvert hávaðasamt samtal róast bæði hljóðfærin og mala smástund. Nú verða kaflaskipti. Hægara tempó. Hljóðfærin skiptast á að gefa okkur laglínuna og virðast skemmta sér vel. Allt í einu þarf gítarinn að skreppa heim, flautan er ein eftir. Hún hefur ofan af sér með söng og dansi, hoppar og skoppar um stund. Þegar svo gítarinn kemur aftur er flautan orðin hálf lúin en gítarinn masar. Verkið endar í einskonar spurn: Hvað eigung við að gera á morgun?

### EFNISSKRÁ

Eiríkur Árni  
Sigtryggsson  
(f. 1943)

Robert Beaser

Enrique Granados  
(1867 - 1916)

Isaac Albeniz  
(1860 - 1909)

Kazuo Fukushima  
(f. 1930)

Willy Burkhard  
(1900 - 1955)

Duo fyrir flautu og gítar  
- frumflutningur -

Úr "Mountain songs"  
Barbara Allen  
The house carpenter  
He's gone away  
Hush you bye

La Maja de Goya

Evocacion úr "Suite Iberia"

Mei

Serenada  
I Preludium und Lied  
II Romanze  
III Marsch